

Góðan dag

Við höfum valið okkur búsetu hér þrátt fyrir veðurfar og strjálbýli, en til að bæta lífið nýtum við þá tækni og vísindi sem okkur stendur til boða.

Átak dóms og kirkjumálaráðuneytisins í upplýsinga- og fjarskiptatækni gegnir lykilhlutverki í þróun verkefna ráðuneytisins, undirstofnanna þess og verkefna þeirra. Við höfum miklar væntingar til þeirra möguleika sem nýting upplýsingatækni færi okkur.

Árið 2004 gerði KPMG úttekt á stöðu upplýsingatæknimála hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess, sú úttekt varð til þess að ráðist var í sérstakt átaksverkefni. Þorsteinn Helgi Steinarsson verkfræðingur var ráðinn til að stýra því verkefni, hann átti að standa hér en þar sem hann er einhvers staðar á ferð og flugi um milli Belgíu, Þýskalands eða Ísrael þá sitjið þið uppi með mig.

Ég ætla að fjalla í örstuttu máli um nokkur verkefna okkar.

- » Endurskipulagning TMD og háhraðatengingar
- » Stjórnartíðindi / Lögbirtingablað
- » Leyfisveitingakerfi
- » Ný vegabréf

### **TMD-Háhraðatengingar**

Starfsemi Tölvumiðstöðvar dómsmálaráðuneytisins (TMD) var endurskipulögð og lögð voru drög að heilstæðri upplýsingatæknistefnu dómsmálaráðuneytisins. TMD sér um kerfisrekstur fyrir flestar stofnanir DKM sem eru um 40 talsins um allt land, en þar vega þyngst lögregla og sýslumenn. Gagnalínur víðnets TMD voru uppfærðar með ljósleiðaratengingum á höfuðborgarsvæðinu og stóraukinni bandvídd um allt land. TMD mun eingöngu hýsa þau kerfi sem við teljum nauðsynlegt að TMD hýsi vegna öryggis ríkisins og alþjóðlegra samninga. Til dæmis Lögreglukerfi og Schengen kerfi. TMD verður jafnframt þjónustuaðili fyrir stofnanir ráðuneytisins og verður einn miðlægur kaupandi og rekstraraðili á UT-þjónustu fyrir stofnanir ráðuneytisins með það m.a. að markmiði að auka samræmingu og stöðlun í vél- og hugbúnaði sem er í notkun hjá stofnunum DKM. Það er ekki stefna ráðuneytisins að TMD verða litla Skýrr, heldur frekar að TMD verði upplýstur kaupandi að vél- og hugbúnaði fyrir undirstofnanir og embætti ráðuneytisins..

### **Lögbirtingarblað / Stjórnartíðindi**

Á síðasta ári færðist útgáfa Lögbirtingarblaðsins og Stjórnartíðinda á netið. Báðar útgáfur voru reknar með halla, Lögbirtingarblaðið hafði ekki breytt verðskrá sinni í 14 ár þrátt fyrir miklar hækkningar á póstburðagjöldum og var að senda í pósti 2000 blöð 3svar í viku að meðaltali. Við breytt útgáfuform var gjaldskrá blaðsins lækkuð umtalsvert. Lögbirtingarblaðið hefur þurft að aðlaga sig að 40% lækkun á tekjum, sem dæmi má nefna að birtingagjald nýskráninga hlutafélaga fór úr tæpum 5000 kr. í 1000 kr. lítil en raunveruleg skattalækkun. Að auki hefur aðgengi að upplýsingum hefur stórbatnað auk þess sem tækifæri hefur myndast til að flytja útgáfu Lögbirtingarblaðsins út á land. Verkferlum var gjörbreytt þannig að útgáfan sjálf fór úr því að vera algjörlega byggð á pappír í það að vera rafræn.

## **Leyfisveitingakerfi**

Í kjölfarið á breyttu skipulagi og uppfærðu víðneti hefur verið hrundið af stað ýmsum verkefnum sem skila sér þegar á þessu ári í betri þjónustu við almenning. Til dæmis stendur til að gera almenningi kleift að sækja um og greiða fyrir ýmis leyfi á netinu í stað þess að sækja þau í afgreiðslu lögreglu

Um 3700 leyfi voru veitt af lögreglu í fyrra, þetta eru t.d. skemmtana, veitinga og skotvopnaleyfi þó sem betur fer aldrei veitt öll saman.

Sama gildir um aðgengi að þjónustu Útlendingastofnunar.

- » Aðgengi fyrir vinnuveitendur vegna atvinnuleyfa útlendinga
- » Aðgengi fyrir útlendinga til að fylgjast með sínum málum og senda inn umsóknir
- » Sparar umtalsverða vinnu hjá Útlendingastofnun og eykur jafnframt þjónustu

Núna eru nánast allar umsóknir á pappír og allar upplýsingar slegnar inn. Því verður breytt.

Meginmarkmið:

- » Almennur áhugi til að auka þjónustustig gagnvart almenningi
- » Jafnframt draga úr álagi á afgreiðslu og bakvinnslu vegna staðlaðra erinda
- » Krefst þess að opnað sé fyrir aðgengi inn fyrir eldveggi að gögnum
  - Krefst strangra öryggisreglna, aðgangstýringa og auðkenningar
  - Gæta þarf að kerfa-, gagna- og persónuöryggi
- » Æskilegt að kerfi embætta geti skipst á gögnum
  - T.d. Upplýsingum úr þjóðskrá og fyrirtækjaskrá

## **Vegabréfakerfi**

Stærsta einstaka verkefnið er nýtt vegabréfakerfi í samræmi við alþjóðlega staðla. Þjónustan verður bætt til muna með helmingi styttri afgreiðslutíma, pappírslausum umsóknum og afgreiðslu þar sem unnt er að gera allt á einum stað.

Þá hafa innviðir stofnana ráðuneytisins og starfsumhverfi starfsmanna hafa einnig verið bætt m.a. með IP símaþjónustu, almennri málaskrá embætta og samræmdu þinglýsingakerfi.

Það er ekki hægt að gera öllu skil í stuttu spjalli. Við munum kynna þessi verkefni okkar betur á komandi mánuðum. Fyrir okkur sem vinnum að þessum málaflokki skiptir mestu máli er óbilandi áhugi og stuðningur dómsmálaráðherra við þá meginhugmynd að upplýsingatækni megi nýta til að ná markmiðum okkar.

Sem eru að hagræða og spara ríkisútgjöld, bæta þjónustu við borgara, flytja verkefni frá höfuðborgarsvæðinu til dreifðari byggða í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar og vera upplýstur kaupandi að þjónustu upplýsingatæknifyrirtækja.